

Ed.

45. Frumvarp til laga

[42. mál]

um álagningu farmiðagjalds og um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Fm.: Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Leggja skal gjald á farmiða með flugvélum. Gjald þetta skal vera kr. 250.00 á hvern seldan farseðil innanlands, en kr. 500.00 á farseðla landa í milli. Farmiðagjald greiðist af öllu farþegaflugi, hvort heldur er fast áætlunarflug eða leiguflug. Undanþegið gjaldskyldu er sjúkraflug og áningarfarþegar, sem dveljast hérlendis skemur en 72 klukkustundir.

2. gr.

Tekjur af farmiðagjaldi skulu renna í ríkissjóð og skal ráðstafað af Alþingi til byggingar flugvalla til innanlandsflugs og öryggisvallar fyrir millilandaflug.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um álagningu og innheimtu gjalds þessa.

4. gr.

3. tölul. 7. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, orðist svo:

Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar með flugvélum og almennum leigu-bifreiðum á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1975.

Greinargerð.

Frumvarp þetta höfum við Vilhjálmur Sigurbjörnsson alþm. samið og berum á því sameiginlega ábyrgð og þeim sjónarmiðum, sem það túlkar, en hentugra þótti að leggja málið fyrir Ed.

Flugsamgöngur verða með hverju ári mikilvægari þáttur í samgöngumálum landsmanna. Skortur flugvalla með þeim öryggisbúnaði, sem krefjast verður, hefur löngum verið þróun flugsamgangna verulegur hemill, en bygging góðra flugvalla er dýr og öryggisbúnaður og frágangur hans kostnaðarsamur.

Fjárveitingar til flugmála hafa löngum verið af skornum skammti og í litlu samræmi við brýna þörf úrbóta á þessum málum öllum. Gildir hér jafnt bygging stórra flugvalla í hinum einstöku byggðarlögum og smærri flugvalla, sem tryggja flug milli þeirra og aðalflugvallanna.

Með frumvarpi þessu er leitast við að afla fjármagns til stærri átaka í þessum málum. Verður það vart gert með öðru móti en því að finna nýjan tekjustofn, sem félli óskiptur til flugmála, auk þess fjármagns, sem þeim er ætlað hverju sinni á fjárlögum, og lántökum til stærri verkefna. Þessari skattlagningu verður þó að stilla svo í hof, að hún spilli ekki samkeppnisaðstöðu flugfélaganna og annarra, sem að þessum málum vinna.

Er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir, að lagt verði flugmiðagjald á alla farmiða, í innanlandsflugi kr. 250.00 og landa í milli kr. 500.00. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda farþega með áætlunarvélum og í leiguflugi, en í Árbók flugmálastjórnar 1973 eru flugfarþegar í innanlandsflugi taldir 183 287. Áætlað er, að fjöldi farþega Flugfélags Íslands verði á yfirstandandi ári 217 800. Samkvæmt þessum upplýsingum og áætluðu flugi annarra flugfélaga þykir mega áætla tekjur

af flugmiðagjaldi af innanlandsflugi 60 millj. kr. Samkvæmt skýrslu flugmála-
stjórnar voru farþegar í millilandaflugi 162 192 (áningarfarþegar ekki meðtaldir).
Samkvæmt þessu virðist mega áætla farþegafjölda 1975 um 200 000, sem gæfu 100
millj. kr. tekjur. Farmiðagjald 1975 yrði því samtals 160 millj. kr.

Samkvæmt nágildandi lögum er söluskattur lagður á flugfargjöld í innanlands-
flugi. Með ákvæðum um álagningu farmiðagjalds þykir rétt að afnema söluskatt
af þessum gjaldstofni.

Meginhluti innanlandsflugsins er á milli Reykjavíkur og hinna ýmsu byggða
landsins.

Reykjavík er aðalþjónustumiðstöð landsins og þangað liggja leiðir margra til
að fá nauðsynlega fyrirgreiðslu.

Ferðakostnaður þeirra, sem þurfa að sækja ýmsa þjónustu til Reykjavíkur, er
mikil byrði á íbúum landsbyggðarinnar og skapar mikinn aðstöðumun.

Með því að leggja söluskatt á flugfarniða í innanlandsflugi er þessi aðstöðu-
munur skattlagður því meira sem fjarlægð vex. Þannig greiðir farþegi frá:

Egilsstöðum	kr. 1 236.00
Norðfirði	— 1 290.00
Höfn í Hornafirði	— 1 096.00
Vestmannaeyjum	— 592.00
Akureyri	— 910.00

í söluskatt fyrir eina heimsókn til höfuðstaðarins.

Samkvæmt upplýsingum Flugfélags Íslands var farþegafjöldi og álagður sölu-
skattur á áætlunarleiðum innanlands sem hér greinir:

	Farþegafjöldi	Söluskattur
1972	152 246	19 000 000 kr.
1973	183 287	31 100 000 —
1974	201 650	52 900 000 —
1975	217 800	75 500 000 —

Farþegafjöldi mánuðina nóv. og des. 1974 og allt árið 1975 er áætlaður.

Tölur liggja ekki fyrir um farþegaflutninga smærri flugfélaga, en varla er þar
um umtalsverðar söluskattsgreiðslur að ræða.

Virðist því mega áætla tekjutap ríkissjóðs á árinu 1975 af niðurfellingu sölu-
skatts af farþegaflutningum innanlands 80 millj. kr.